

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir teljum, að gera þurfi á því breytingar.

Árið 1966 var erfitt ár frystihúsarekstrinum í landinu. Á því ári mun hafa orðið verulegur halli á rekstri þeirra flestra, eftir þokkalega afkomu næstu ár á undan. Orsaka þessarar breytingar er ekki að leita í verðfalli á erlendum mörkuðum, því að það kom ekki til fyrir en á seinni hluta ársins og vó ekki upp þær verðhækkanir, sem orðið höfðu á fyrri hluta þess. Meðalverð ársins mun því hafa orðið hagstæðara en nokkurs annars árs á undan. Um þetta segir svo í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs frá nóvember s. l.: „Áætla má, að meðalverð útfluttra þorskafurða á árinu 1966 muni verða nálægt 10% hærra en meðalverð ársins 1965 og meðalverð skelfiskafurða um 5% hærra.“

Með þessu skal ekki gert lítið úr þeim erfiðleikum, sem verðfallið kann að valda á þessu ári, ef ekki rætist úr, en það sýnir ótvírætt, að það er ekki orsök þeirra breytinga, sem orðnar eru á afkomu þessarar atvinnugreinar. Orsakir hennar eru fyrst og fremst tvær: Annars vegar stórfelldar hækkanir tilkostnaðar innanlands af völdum verðbólgunnar og hins vegar minnkandi hráefnismagn vegna hnignunar vélbáta- og togaraútgerðarinnar.

Stuðningur sá, sem frv. þetta gerir ráð fyrir til útgerðarinnar og frystihúsanna, er sjálfsagt óhjákvæmilegur til að forða stöðvun þessara undirstöðuatvinnugreina á næstu mánuðum, en hann leysir engan vanda til frambúðar. Til þess þarf að komast að kjarna málanna.

Það, sem nú þarf í þessum málum, eru ný vinnubrögð, — markviss vinnubrögð og markviss stefna.

1. Gera verður ákveðnar ráðstafanir til eflingar bátaútgerð á þorskveiðar, jafnframt skipulegum aðgerðum til nýtingar miðanna og verndar stofnunar. Heildarskipulag sóknarinnar á miðin ásamt bættum tæknibúnaði við þorskveiðar er brýn nauðsyn.
2. Halda verður áfram sókn á djúpmið og fjarlæg mið, og í því skyni verður að vinna bráðan bug á undirbúningi að endurnýjun togaraflotans.
3. Auka verður hagræðingu í fiskiðnaðinum, m. a. með tilliti til þess að bæta mót-töku- og geymsluskilyrði hráefnisins til að jafna vinnu milli daga og koma á reglulegri vinnubrögðum, og til þessa þarf að tryggja þessari atvinnugrein næg og hagkvæm lán.
4. Hætta verður óeðlilegum álögum á þessar atvinnugreinar, lækka vextina, lækka útflutningsgjöldin, rafmagnsverðið, hafnargjöld o. fl., veita skattaivilnanir, hætta að skattleggja tapið og auka afurðalánin til þess að gera fyrirtækjunum kleift að stunda starfsemi sína með eðlilegum hætti.
5. Endurskoða reglur um aflatryggingasjóð í því skyni, að vélbátaflotinn á þorskveiðum haldi sínu, og iðgjaldasjóð með aukna hagkvæmni í tryggingum fyrir augum.

Það verður að kryfja vandamál þessa atvinnuvegar til mergjar eins og raunar annarra, marka stefnu framtíðarinnar og hefja markvissar aðgerðir. Sífelldir árlegir „viðreisnaraukar“ leysa engan vanda, þó að þeir kunni að geta komið í veg fyrir algera stöðvun í bili.

Við framsóknarmenn höfum að undanfögnu flutt ýmsar tillögur og frumvörp í þessa stefnu og munum halda þeirri viðleitni okkar áfram, en sjáum eftir atvikum ekki ástæðu til að flytja þau mál sem breytingartillögur við þetta frv.

Frv. gerir ráð fyrir, að fjár til þeirrar hækkunar á fiskverði, sem það gerir ráð fyrir, verði aflað með því að rýra framkvæmdafé á fjárlögum, sem samþykkt voru fyrir rúmum tveim mánuðum, um tíunda hluta og klípa af sveitarfélögunum 20 millj. kr., sem þeim ber samkv. lögum. Á þetta getum við ekki fallizt. Ríkissjóður hefur þegar tekið af landsmönnum það fé, sem til þessa þarf, og meira til. Á s. l. ári fóru tekjur ríkissjóðs stórlega fram úr áætlun og munu hafa numið hátt í milljarð meira en fjárlög gerðu ráð fyrir, og þrátt fyrir miklar umframgreiðslur til hinnar margvislegustu eyðslu er talið, að greiðsluafgangur ársins 1966 muni hafa skipt mörgum hundruðum milljóna króna. Teljum við því einsýnt, að taka beri þær 85 millj. kr., sem hér er um að ræða, af því fé. Fyrsta brtt. okkar lýtur að þessu.

Það hefur komið fram við meðferð þessa máls í nefnd, að því fé, sem veitt hefur verið á undanfórnum árum til framleiðniaukningar í frystihúsum og gert er ráð fyrir að halda áfram að veita samkv. 8. gr. þessa frv. og almennt er nefnt hagræðingarfé, sé úthlutað til frystihúsanna í beinu hlutfalli við framleiðsluverðmæti þeirra án tillits til þeirra breytinga, sem orðið hafa eða verða kunna á framleiðnistigi þeirra. Við höfum einlægán áhuga fyrir sérhverri viðleitni til framleiðniaukningar og hagræðingar, en teljum það ekki til framdráttar slíkri viðleitni að nefna verðuppbætur á freðfisk „hagræðingarfé“ eða fé „til framleiðniaukningar“. Við teljum, að nefna beri hlutina réttum nöfnum, og flytjum brtt. um það.

Seinasta brtt. okkar miðar að því að gera þau ákvæði, sem felast í 10. gr. og lúta að eftirgjöfum á fjárkröfum á hendur frystihúsanna, skýrari. Við teljum fráleitt að takmarka þær eftirgjafir við þá eina, sem Ríkisábyrgðasjóður á kröfur á, en þannig virðist okkur að skilja megi ákvæði greinarinnar eins og þau eru í frv. Við leggjum til, að þessu verði breytt þannig, að skýlaust sé, að heimildin nái einnig til annarra opinberra sjóða.

Með tilliti til þessa leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Til að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 85 milljónum króna af greiðsluafgangi ársins 1966.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1967, sem úthluta skal til frystihúsa í hlutfalli við framleiðslu þeirra af frystum fiskafurðum. Seðlabanki Íslands úthlutar þessu fé í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. Við 10. gr. 3. másl. greinarinnar orðist svo:

Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Fiskveiðasjóði Íslands, Framkvæmdasjóði Íslands og öðrum opinberum lánasjóðum ásamt Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir.

Alþingi, 8. marz 1967.

Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.
frsm.